Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 30. september 2023

# Sjóvá-Almennar tryggingar hf.



# Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður og lykiltölur ..... 3

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ..... 4

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ..... 5

Efnahagsreikningur ..... 6

Eiginfjáryfirlit ..... 7

Sjóðstreymisyfirlit ..... 8

Skýringar ..... 9

Ársfjórðungayfirlit ..... 21

Selected Financial Information ..... 22

# Helstu niðurstöður og lykiltölur

| | 2023<br>1.7 - 30.9 | 2022<br>1.7 - 30.9<br>Endurgert* | 2023<br>1.1 - 30.9 | 2022<br>1.1 - 30.9<br>Endurgert* |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 8.149.925 | 7.442.949 | 23.255.774 | 20.552.054 |
| Tjón tímabilsins | ( 5.883.836) | ( 5.772.272) | ( 17.846.588) | ( 15.232.096) |
| Rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum | ( 1.377.281) | ( 1.332.265) | ( 4.490.868) | ( 4.225.299) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | ( 310.662) | 8.971 | 27.859 | ( 296.150) |
| **Afkoma af vátryggingasamningum** | 578.146 | 347.383 | 946.177 | 798.509 |
| Hreinar fjármunatekjur | 189.331 | 15.672 | 838.633 | 450.917 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | 1.381.442 | 34.280 | 1.511.785 | 168.316 |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi | ( 67.012) | ( 68.472) | ( 219.705) | ( 213.348) |
| **Afkoma fjárfestinga** | 1.503.761 | ( 18.520) | 2.130.713 | 405.884 |
| Fjármagnsliðir vátryggingasamninga | ( 185.267) | ( 65.712) | ( 416.143) | 129.490 |
| **Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði** | 1.318.495 | ( 84.232) | 1.714.570 | 535.375 |
| **Afkoma af vátryggingasamningum og fjárfestingum** | 1.896.641 | 263.151 | 2.660.746 | 1.333.884 |
| Aðrar tekjur | 40.724 | 32.990 | 116.004 | 104.948 |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 9.687) | ( 10.338) | ( 34.196) | ( 35.329) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 1.927.678 | 285.802 | 2.742.555 | 1.403.504 |
| Tekjuskattur | ( 189.976) | ( 54.315) | ( 438.500) | ( 236.096) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 1.737.702 | 231.487 | 2.304.055 | 1.167.407 |

| **Helstu kennitölur** | 2023<br>1.7 - 30.9 | 2022<br>1.7 - 30.9<br>Endurgert* | 2023<br>1.1 - 30.9 | 2022<br>1.1 - 30.9<br>Endurgert* |
|---|---|---|---|---|
| Tjónahlutfall | 72,2% | 77,6% | 76,7% | 74,1% |
| Endurtryggingahlutfall | 3,8% | ( 0,1%) | ( 0,1%) | 1,4% |
| Kostnaðarhlutfall | 16,9% | 17,9% | 19,3% | 20,6% |
| Samsett hlutfall | 92,9% | 95,3% | 95,9% | 96,1% |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli | 36,3% | 5,2% | 17,2% | 8,5% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli | 32,8% | 4,2% | 14,5% | 7,1% |
| Eiginfjárhlutfall | 32,0% | 33,1% | 32,0% | 33,1% |
| Gjaldþolshlutfall | 1,52 | 1,54 | 1,52 | 1,54 |
| Lágmarksfjármagnshlutfall | 3,36 | 3,66 | 3,36 | 3,66 |

| **Helstu liðir úr efnahagsreikningi** | 30.9.2023 | 31.12.2022<br>Endurgert* |
|---|---|---|
| Verðbréf | 51.541.305 | 51.254.266 |
| Endurtryggingaeignir | 1.690.712 | 1.037.824 |
| Eignir samtals | 65.906.946 | 61.682.825 |
| Skuldbinding vegna vátryggingasamninga | 36.286.282 | 32.058.840 |
| Eigið fé samtals | 21.114.180 | 21.332.043 |

*Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Sjóvá – Almennra trygginga hf. ("félagið" eða "Sjóvá") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingarekstri og fjárfestingastarfsemi. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sjóvá-Almennra trygginga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar".

Samstæðan hefur innleitt IFRS 17 um vátryggingasamninga. IFRS 17 tók við af IFRS 4 fyrir reikningsskilatímabil sem hófust frá og með 1. janúar 2023. Samstæðan innleiddi einnig IFRS 9 um fjármálagerninga samhliða IFRS 17 í samræmi við undanþáguákvæði IFRS 4.  Vísað er í skýringu 1 til nánari umfjöllunar.

Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

### Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2023 2.304 millj. kr. (9M 2022: 1.167 millj. kr.). Eignir samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi námu 65.907 millj. kr. (31.12.2022:  61.683 millj. kr.), skuldir 44.793 millj. kr. (31.12.2022: 40.351 millj. kr.) og eigið fé félagsins nam 21.114 millj. kr. í lok tímabilsins (31.12.2022: 21.332 millj. kr.). Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 32,0% í lok tímabilsins (31.12.2022: 34,6%) og gjaldþolshlutfall nam 1,52 (31.12.2022: 1,41).

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 10. mars síðastliðinn. Á fundinum var samþykkt að greiða arð sem nam 1,61 kr. á hlut vegna ársins 2022 eða um 1.900 millj. kr. og var greiðsludagur 21. mars 2023. Á fundinum var einnig samþykkt að lækka hlutafé félagsins um 37,1 millj. kr. að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkaði þann 21. apríl þar með úr kr. 1.215,5 millj. kr. í 1.178,4 millj. kr. að nafnverði.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 1.193 en 1.265 í upphafi árs.  Einn hluthafi átti meira en 10% hlutafjár í lok tímabilsins.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. september 2023, á eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. september 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2023.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Sjóvár hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík 26. október 2023

Í stjórn:

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður
Hildur Árnadóttir, varaformaður
Guðmundur Örn Gunnarsson
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro

Forstjóri:

Hermann Björnsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. september 2023

| | Skýr. | 2023<br>1.7 - 30.9 | 2022<br>1.7 - 30.9<br>Endurgert* | 2023<br>1.1 - 30.9 | 2022<br>1.1 - 30.9<br>Endurgert* |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum .................................... | | 8.149.925 | 7.442.949 | 23.255.774 | 20.552.054 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum ............................... | 3 | ( 7.261.117) | ( 7.104.537) | ( 22.337.456) | ( 19.457.394) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum .............................. | 4 | ( 310.662) | 8.971 | 27.859 | ( 296.150) |
| **Afkoma af vátryggingasamningum** | | 578.146 | 347.383 | 946.177 | 798.509 |
| Hreinar fjármunatekjur ..................................................... | 5 | 189.331 | 15.672 | 838.633 | 450.917 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna ......................................... | 5 | 1.381.442 | 34.280 | 1.511.785 | 168.316 |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi ....................... | | ( 67.012) | ( 68.472) | ( 219.705) | ( 213.348) |
| **Afkoma fjárfestinga** | | 1.503.761 | ( 18.520) | 2.130.713 | 405.884 |
| Fjármagnsliðir vátryggingasamninga ............................... | | ( 185.267) | ( 65.712) | ( 416.143) | 129.490 |
| **Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði** | | 1.318.495 | ( 84.232) | 1.714.570 | 535.375 |
| **Afkoma af vátryggingasamningum og fjárfestingum ..** | | 1.896.641 | 263.151 | 2.660.746 | 1.333.884 |
| Aðrar tekjur ...................................................................... | | 40.724 | 32.990 | 116.004 | 104.948 |
| Annar rekstrarkostnaður ................................................. | | ( 9.687) | ( 10.338) | ( 34.196) | ( 35.329) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt .............................................** | | 1.927.678 | 285.802 | 2.742.555 | 1.403.504 |
| Tekjuskattur ..................................................................... | 6 | ( 189.976) | ( 54.315) | ( 438.500) | ( 236.096) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins .......................................** | | 1.737.702 | 231.487 | 2.304.055 | 1.167.407 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut ................... | | 1,50 | 0,20 | 1,99 | 0,99 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

*Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla, sjá nánar í skýringu 1 e) - f).

# Efnahagsreikningur 30. september 2023

| | Skýr. | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | Endurgert* |
| Handbært fé | | 3.497.153 | 1.189.328 |
| Verðbréf | 7 | 51.541.305 | 51.254.266 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka | | 5.150.355 | 5.217.711 |
| Endurtryggingaeignir | 8 | 1.690.712 | 1.037.824 |
| Aðrar kröfur | | 2.005.730 | 905.659 |
| Viðskiptavild | | 243.578 | 243.578 |
| Leigueignir | | 1.270.612 | 1.284.302 |
| Rekstrarfjármunir | | 506.106 | 522.854 |
| Skatteign | 10 | 1.396 | 27.303 |
| **Eignir samtals** | | 65.906.946 | 61.682.825 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.160.070 | 1.178.394 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 0 | 254.730 |
| Lögbundinn varasjóður | | 316.904 | 316.904 |
| Bundið eigið fé | | 3.298.092 | 4.345.061 |
| Óráðstafað eigið fé | | 16.339.114 | 15.236.954 |
| **Eigið fé samtals** | | 21.114.180 | 21.332.043 |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 2.010.768 | 1.732.406 |
| Skuldbinding vegna vátryggingasamninga | 9 | 36.286.282 | 32.058.840 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka | | 5.150.355 | 5.217.711 |
| Leiguskuldir | | 1.345.363 | 1.341.824 |
| **Skuldir samtals** | | 44.792.767 | 40.350.782 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 65.906.946 | 61.682.825 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

*Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla, sjá nánar í skýringu 1 e) - f).

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. september 2023

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lögbundinn varasjóður | Bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. september 2023** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2023 ........................ | 1.178.394 | 254.730 | 316.904 | 4.345.061 | 15.236.954 | 21.332.043 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ....... | | | | | 2.304.055 | 2.304.055 |
| Kaup á eigin hlutum ................... | ( 18.323) | ( 254.730) | | | ( 356.052) | ( 629.104) |
| Bundið eigið fé vegna verðbr. .... | | | | ( 1.018.795) | 1.018.795 | 0 |
| Bundið eigið fé vegna dótturf. .... | | | | ( 28.174) | 28.174 | 0 |
| Arður 1,61 kr. á hlut .................... | | | | | ( 1.892.812) | ( 1.892.812) |
| Eigið fé 30.9.2023 ...................... | 1.160.070 | 0 | 316.904 | 3.298.092 | 16.339.114 | 21.114.180 |
| **1. janúar til 30. september 2022** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2022 ........................ | 1.227.796 | 1.957.951 | 316.904 | 6.722.578 | 14.113.559 | 24.338.788 |
| Áhrif innleiðingar IFRS 17 .......... | | | | | ( 102.145) | ( 102.145) |
| Leiðrétt eigið fé 1.1.2022 ........... | 1.227.796 | 1.957.951 | 316.904 | 6.722.578 | 14.011.414 | 24.236.643 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ....... | | | | | 1.167.407 | 1.167.407 |
| Kaup á eigin hlutum ................... | ( 49.402) | ( 1.703.222) | | | | ( 1.752.625) |
| Bundið eigið fé vegna verðbr. .... | | | | ( 1.851.880) | 1.851.880 | 0 |
| Bundið eigið fé vegna dótturf. .... | | | | ( 97.841) | 97.841 | 0 |
| Arður 3,14 kr. á hlut .................... | | | | | ( 3.802.290) | ( 3.802.290) |
| Eigið fé 30.9.2022 ...................... | 1.178.394 | 254.730 | 316.904 | 4.772.857 | 13.326.252 | 19.849.136 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2023

| | 2023<br>1.1 - 30.9 | 2022<br>1.1 - 30.9<br>Endurgert* |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður tímabilsins | 2.304.055 | 1.167.407 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | |
| Fjármunatekjur í rekstri | ( 838.633) | ( 450.917) |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | ( 1.511.785) | ( 168.316) |
| Afskriftir rekstrarfjármuna, óefnislegra eigna og leigueigna | 143.727 | 139.810 |
| | 97.364 | 687.984 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Verðbréf, breyting | ( 177.538) | 1.068.177 |
| Skatteign, breyting | 25.907 | 14.151 |
| Endurtryggingaeignir, breyting | ( 652.887) | ( 376.247) |
| Aðrar kröfur, breyting | ( 1.100.070) | ( 472.400) |
| Skuldbinding vegna vátryggingasamninga, breyting | 4.227.442 | 4.061.799 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | 815.387 | 262.199 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | 3.138.243 | 4.557.679 |
| Innborgaðar fjármunatekjur | 2.133.949 | 1.528.232 |
| Greiddur tekjuskattur | ( 537.025) | ( 395.857) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 4.832.531 | 6.378.039 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | ( 27.487) | ( 95.815) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 0 | 14.856 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | ( 27.487) | ( 80.959) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Arður til hluthafa | ( 1.892.812) | ( 3.802.290) |
| Afborganir af höfuðstól leiguskulda | ( 82.263) | ( 121.109) |
| Keypt eigin bréf | ( 629.104) | ( 1.752.625) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | ( 2.604.181) | ( 5.676.025) |
| **Breyting á handbæru fé** | 2.200.863 | 621.056 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | 106.962 | 3.739 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 1.189.328 | 1.094.896 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 3.497.153 | 1.719.691 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

*Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla, sjá nánar í skýringu 1 e) - f).

# Skýringar

## 1 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

### a. Almennar upplýsingar

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ("félagið", "samstæðan" eða "Sjóvá") er hlutafélag með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess í Kringlunni 5, Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. og Sjóvá Forvarnahúsið ehf., sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingarekstri og fjárfestingastarfsemi.

### b. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022 en ársreikning samstæðunnar er hægt að nálgast á vef félagsins www.sjova.is.

Árshlutareikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins þann 26. október 2023.

### c. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

### d. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samstæðan hefur innleitt IFRS 17 um vátryggingasamninga. IFRS 17 tók við af IFRS 4 fyrir reikningsskilatímabil sem hófust frá og með 1. janúar 2023.

Samstæðan hefur einnig innleitt IFRS 9 um fjármálagerninga. IFRS 9 tók við af IAS 39 fyrir reikningsskilatímabil sem hófust eftir 1. janúar 2018, samstæðan nýtti sér hins vegar undanþáguákvæði IFRS 4 sem heimilaði innleiðingu IFRS 9 samhliða innleiðingu IFRS 17.

Áhrif innleiðingar þessara staðla og breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu koma fram í skýringu 1.e og 1.f.

Samstæðan beitir afturvirkri innleiðingu þar sem samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17 og IFRS 9.

Að öðru leyti hefur samstæðan beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2022.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar og eru fjárhæðir birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

### e. Innleiðing nýrra reikningsskilastaðla

#### (i) IFRS 17 - vátryggingasamningar

IFRS 17 tilgreinir hvernig félag skráir, metur, birtir og skýrir frá vátryggingasamningum þar sem útgefandinn tekur á sig verulega vátryggingaáhættu með því að samþykkja að bæta vátryggingartaka tjón og vátryggingasamningum með fjárfestingaráhættu vátryggingartaka. Staðallinn tekur einnig á endurtryggingasamningum, en endurtryggingasamningar samstæðunnar eru eingöngu gerðir til að draga úr eigin áhættu hennar.

## e. Innleiðing nýrra reikningsskilastaðla, frh.

### (i) IFRS 17 - vátryggingasamningar, frh.

Vátrygginga- og endurtryggingasamningar samstæðunnar falla allir undir einfaldaða úthlutunaraðferð IFRS 17 (e. Premium allocation approach (PAA)). Aðferðin einfaldar mat vátryggingasamninga í samanburði við almenna líkan staðalsins en félögum er heimilt að beita aðferðinni á safn samninga þar sem tryggingavernd spannar ár eða skemur eða þegar aðferðin leiðir til niðurstöðu sem er ekki verulega frábrugðin almenna líkaninu í samræmi við IFRS 17. Einföld úthlutunaraðferð byggir á því að skuldbinding vegna orðinna tjóna sé reiknuð sem besta mat á framtíðarsjóðsflæði vegna orðinna tjóna auk öryggisálags vegna ófjárhagslegrar áhættu. Breyting á lotun tekna er óveruleg þar sem hún er sambærileg við þá aðferðafræði sem beitt hefur verið. Mat á framtíðarsjóðsflæði vegna orðinna tjóna er óbreytt frá þeirri aðferð sem samstæðan hefur beitt hingað til.

**Breyting á reikningsskilaaðferðum og á framsetningu**

Helstu liðir í rekstrarreikningi og yfirliti yfir heildarafkomu samkvæmt IFRS 17 eru:

Tekjur af vátryggingasamningum vegna veittrar vátryggingaverndar á tímabilinu auk annarra tekna, svo sem tekjur af greiðsludreifingu.

Kostnaður af vátryggingasamningum samanstendur af tjónum tímabilsins og beinum rekstrarkostnaði af vátryggingasamningum sem nú innifelur kostnað vegna ágóðahlutdeildar, sem kom áður til lækkunar á iðgjöldum tímabilsins.

Afkoma af endurtryggingasamningum samanstendur af hluta endurtryggjenda í tekjum af vátryggingasamningum, hluta endurtryggjenda í tjónum, umboðslaunum og öðrum tekjum frá endurtryggjendum.

Liðirnir hér að ofan mynda afkomu samstæðunnar af vátryggingasamningum.

Fjárfestingatekjur samstæðunnar eru óbreyttar að undanskildum tekjum vegna greiðsludreifingar sem nú tilheyra tekjum af vátryggingasamningum.

Fjármagnsliðir vátryggingasamninga eru tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar tjónaskuldar.

Aðrar tekjur samanstanda af tekjum sem tengjast ekki vátryggingasamningum með beinum hætti.

Annar rekstrarkostnaður samanstendur af kostnaði sem tengist ekki vátryggingasamningum með beinum hætti.

Helstu liðir í efnahagsreikningi samkvæmt IFRS 17 eru:

Skuldbinding vegna vátryggingasamninga sem er skipt í skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar (e. Liability for remaining coverage (LRC)) og skuldbindingu vegna orðinna tjóna (e. Liability for incurred claims (LIC)).

Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar samanstendur af innborguðum tekjum vegna vátryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum, frestuðum kostnaði við öflun samninga, skuldbindingu vegna íþyngjandi samninga og viðskiptaskuldum sem tilheyra eftirstæðri vátryggingavernd.

Fram til þessa var skuldbinding vegna innborgaðra tekna vegna vátryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum hluti af iðgjaldaskuld, skv. IFRS 4, og færð á skuldahlið efnahagsreikningsins. Iðgjaldaskuldin innihélt einnig skuldbindingu vegna þeirrar vátryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum þar sem tekjur voru óinnheimtar. Á móti þeirri skuldbindingu voru færðar viðskiptakröfur á eignahlið efnahagsreikningsins. Með innleiðingu IFRS 17 fellur þessi síðarnefnda skuldbinding niður bæði á eigna- og skuldahlið reikningsins og heildareignir og heildarskuldir samstæðunnar lækka verulega.

Skuldbinding vegna orðinna tjóna samanstendur af besta mati samstæðunnar á væntu gildi eða meðaltali á núvirtu greiðsluflæði skuldbindingarinnar og öryggisálagi (e. risk adjustment) vegna þeirrar óvissu sem matið felur í sér. Með öryggisálaginu er skuldbindingin færð innan æskilegs öryggisbils. Er þetta öryggisálag annað en það áhættuálag (e. risk margin) sem lög nr. 100/2016 og framseld reglugerð (EU) 2015/35 segja til um og fellur niður við innleiðingu IFRS 17. Skuldbindingin samanstendur auk þess af ágóðahlutdeild og viðskiptaskuldum sem tilheyra orðnum tjónum.

Eignir og skuldir sem tilheyra endurtryggingasamningum eru nú færðir undir einn lið, endurtryggingaeignir/endurtryggingaskuldir eftir því sem við á.

## e. Innleiðing nýrra reikningsskilastaðla, frh.

### (i) IFRS 17 - vátryggingasamningar, frh.

Við innleiðingu staðalsins var lagt mat á hvernig flokka bæri vátryggingasamninga félagsins í greinaflokka og reikningsskilaaðferðum beitt í samræmi við IFRS 17 líkt og staðallinn hafi ávallt verið í gildi. Flokkunin byggir á að samningar sem bera sambærilega áhættu og eru meðhöndlaðir saman fara í sama greinaflokk.

Við upphaf samningstíma, þegar vátryggingaáhætta flyst frá viðskiptavinum til samstæðunnar, er vátryggingasamningum innan greinaflokkanna skipt í tvo hópa: íþyngjandi samninga og aðra samninga. Er þar horft til vænts hagnaðar á undirliggjandi vátryggingasamningum innan hvers greinaflokks á tímabilinu.

Samstæðan metur hvort samningur gæti orðið íþyngjandi byggt á hvort sambærilegir samningar sem félagið hefur verið aðili að hafi orðið íþyngjandi miðað við þá verðlagningu sem í gildi er og undirliggjandi áhættu. Þá geta mögulegar breytingar á utanaðkomandi þáttum svo sem breytingum á markaðsaðstæðum eða lagaumhverfi haft þar áhrif á.

Sé samningur talinn íþyngjandi við upphaflega skráningu eða á þeim tíma þegar aðstæður benda til þess að samningur sé íþyngjandi er vænt tap viðkomandi samninga fært í rekstrarreikning.

Í samstæðunni er einn hópur metinn íþyngjandi.

Allar fjárhæðir sem ekki væru til staðar ef IFRS 17 hefði ávallt verið í gildi voru afskráðar og mismunur að fjárhæð 175 millj. kr. færður til lækkunar á eigin fé. Áhrifin við innleiðingu 1. janúar 2022 voru 102 millj. kr. og áhrif vegna fjárhagsársins 2022 voru 73 millj. kr. Fjárhæðin samanstendur af breytingu á meðhöndlun vegna íþyngjandi samninga og innleiðingu öryggisálags í stað áhættuálags.

### (ii) IFRS 9 - Fjármálagerningar

Samstæðan innleiddi IFRS 9 um fjármálagerninga samhliða IFRS 17 í samræmi við undanþáguákvæði IFRS 4.

Við innleiðingu IFRS 17 voru viðskiptakröfur af vátryggingastarfsemi færðar til lækkunar þeirri iðgjaldaskuld sem nú flokkast sem skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar í kjölfar innleiðingar IFRS 17. Þær kröfur sem eftir standa falla undir IFRS 9.

IFRS 9 inniheldur kröfur varðandi skráningu og mat á fjáreignum og fjárskuldum. Staðallinn kemur í stað IAS 39 um fjármálagerninga.

Samkvæmt IAS 39 voru verðbréf tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning en samkvæmt IFRS 9 er skylt að flokka þau á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Aðrar fjáreignir og skuldir eru á afskrifuðu kostnaðarverði líkt og undir IAS 39.

Enginn munur var á mati fjárhæða við innleiðingu.

### f. Fjárhagsleg áhrif innleiðingar nýrra reikningsskilastaðla

### (i) Efnahagsreikningur

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif innleiðingar nýrra reikningsskilastaðla á efnahagsreikning samstæðunnar 31.12.2022.

| | 31.12.2022 | Áhrif innleiðingar IFRS 17 | Eftir IFRS 17 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Endurtryggingaeignir | 1.195.081 | ( 157.256) | 1.037.824 |
| Viðskiptakröfur og aðar kröfur | 7.662.526 | ( 7.662.526) | 0 |
| Aðrar kröfur | 0 | 905.659 | 905.659 |
| Skatteign | 0 | 27.303 | 27.303 |
| Aðrar eignir í efnahagsreikningi | 59.712.037 | 0 | 59.712.037 |
| **Eignir samtals** | 68.569.644 | ( 6.886.819) | 61.682.825 |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 15.411.958 | ( 175.004) | 15.236.954 |
| Annað eigið fé í efnahagsreikningi | 6.095.089 | 0 | 6.095.089 |
| **Eigið fé samtals** | 21.507.047 | ( 175.004) | 21.332.043 |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.620.431 | ( 888.026) | 1.732.406 |
| Skuldbinding vegna vátryggingsamninga | 0 | 32.058.840 | 32.058.840 |
| Vátryggingaskuld | 37.866.181 | ( 37.866.181) | 0 |
| Skattskuldbinding | 16.448 | ( 16.448) | 0 |
| Aðrar skuldir í efnahagsreikningi | 6.559.537 | 0 | 6.559.537 |
| **Skuldir samtals** | 47.062.597 | ( 6.711.815) | 40.350.782 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 68.569.644 | ( 6.886.819) | 61.682.825 |

## f. Fjárhagsleg áhrif innleiðingar nýrra reikningsskilastaðla, frh.

### (ii) Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif innleiðingar nýrra reikningsskilastaðla á rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu samstæðunnar 1.1 - 30.9.2022.

| | **1.1 - 30.9.2022** | **Áhrif innleiðingar IFRS 17** | **Eftir IFRS 17 1.1 - 30.9.2022** |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 19.469.210 | ( 19.469.210) | 0 |
| Tjón tímabilsins | ( 15.246.078) | 15.246.078 | 0 |
| Rekstrarkostnaður af vátryggingastarfsemi | ( 3.455.593) | 3.455.593 | 0 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | ( 1.029.202) | 1.029.202 | 0 |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins | 631.035 | ( 631.035) | 0 |
| Tekjur af vátryggingasamningum | 0 | 20.552.054 | 20.552.054 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum | 0 | ( 19.457.394) | ( 19.457.394) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | 0 | ( 296.150) | ( 296.150) |
| **Afkoma af vátryggingasamningum** | 369.372 | 429.138 | 798.509 |
| Hreinar fjármunatekjur | 845.893 | ( 394.977) | 450.917 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna færðar á gangvirði | 168.316 | 0 | 168.316 |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi | ( 330.515) | 117.167 | ( 213.348) |
| **Afkoma fjárfestinga** | 683.695 | ( 277.810) | 405.884 |
| Fjármagnsliðir vátryggingasamninga | 0 | 129.490 | 129.490 |
| Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar | 129.490 | ( 129.490) | 0 |
| **Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði** | 813.185 | ( 277.810) | 535.375 |
| **Afkoma af vátryggingasamningum og fjárfestingum** | 1.182.557 | 151.328 | 1.333.884 |
| Umboðslaun | 102.017 | ( 102.017) | 0 |
| Aðrar tekjur | 104.948 | 0 | 104.948 |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | ( 35.329) | ( 35.329) |
| **Aðrar tekjur og kostnaður** | 206.965 | ( 137.346) | 69.620 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 1.389.522 | 13.982 | 1.403.504 |
| Tekjuskattur | ( 233.300) | ( 2.796) | ( 236.096) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 1.156.222 | 11.186 | 1.167.407 |

## f. Fjárhagsleg áhrif innleiðingar nýrra reikningsskilastaðla, frh.

### (iii) Sjóðstreymi

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif innleiðingar nýrra reikningsskilastaðla á sjóðstreymi samstæðunnar 1.1 - 30.9.2022.

| | **1.1 - 30.9.2022** | **Áhrif innleiðingar IFRS 17** | **Eftir IFRS 17 1.1 - 30.9.2022** |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | 1.156.222 | 11.186 | 1.167.407 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | | |
| Fjármunatekjur í rekstri | ( 845.893) | 394.977 | ( 450.917) |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | ( 168.316) | 0 | ( 168.316) |
| Afskriftir | 139.810 | 0 | 139.810 |
